

Ársfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses.

haldinn í Hnithjörgum á Raufarhöfn, miðvikudaginn 29. maí 2019 kl. 14:00.

Stjórnarformaður AÞ ses., Elías Pétursson setti fund, bauð fundarmenn velkomna og kynnti tillögu um að Magnús Matthíasson yrði fundarstjóri og Ari Páll Pálsson fundarritari. Var tillagan samþykkt samhljóða og tók Magnús við stjórn fundarins.

Til að kanna lögmæti fundarins og kosninga á honum kannaði fundarstjóri hve margir úr fulltrúaráði væru til staðar. Reyndust þeir 10, en þá hafði einn vikið af fundi.

Mættir voru 11 fulltrúar af 19 sem sitja í fulltrúaráði stofnunarinnar. Eftirfarandi stofnaðilar áttu fulltrúa á fundinum: Frá Þingeyjarsveit Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, frá Skútustaðahreppi Helgi Héðinsson, frá Norðurþingi Silja Jóhannesdóttir og Óli Halldórsson, en hann þurfti frá að hverfa í upphafi fundar, frá Langanesbyggð Þorsteinn Ægir Egilsson, frá SANA Guðni Már Kjartansson og Björg Jónsdóttir, frá stéttarfélagum í Þingeyjarsýslu Aðalsteinn Á. Baldursson og Helga Þuríður Árnadóttir. Einnig sat stjórn og starfsfólk AÞ fundin auk nokkurra gesta.

Fundarstjóri kynnti þá fyrsta dagskrárlið og gaf stjórnarformanni orðið.

1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður félagsins, Elías Pétursson fór yfir það helsta sem drifið hefur á daga félagsins frá því að núverandi stjórn tók við af fyrri stjórn þann 26. nóvember 2018 og byrjaði á að þakka stjórn og framkvæmdastjóra fyrir gefandi samstarf á liðnu starfsári.

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi 12. desember 2018 þannig að Elías Pétursson var kjörinn formaður stjórnar, Jóna Björg Hlöðversdóttir varaformaður og Jóna Björg Arnardóttir ritari. Aðrir í stjórn voru Aðalsteinn Á. Baldursson, Guðmundur H. Halldórsson og Guðmundur Vilhjálmsson.

Í janúar tók varaformaður þátt í *Samtali um stefnur ríkisins í landshlutum*, ráðstefnu og vinnustofu í Hveragerði þar sem fulltrúar ráðuneyta, ríkisstofnanana, atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka skiptust á upplýsingum og skoðunum á því hvernig best væri unnið til að efla atvinnu- og byggðaðróun um landið.

Auk hefðbundinna mála er snúa að atvinnuþróun og þátttöku í endurreisn byggða í gegnum verkefnið *Brothættar byggðir*, fór mikill tími í umræður um sameiningu atvinnuþróunarfélaganna tveggja og landshlutasamtakanna á Norðurlandi eystra.

Formaður sagði sameiningarumræðuna klárlega eitt af stóru málunum og rakti því næst framvindu þess máls til fróðleiks og til þess að vekja gagnlegar umræður.

Stjórn átti fyrst fund með starfshópi skipuðum af Eyþingi og í framhaldi funduðu formaður og framkvæmdastjóri með öllum sveitarstjórnnum, stjórn Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi og fulltrúum stéttarféлага á starfssvæðinu. Afrakstur þeirra funda urðu tvö minnisblöð sem urðu grunnur að niðurstöðu stjórnar sem komið var á framfæri við fyrrnefndan starfshóp.

Formaður fór síðan yfir helstu niðurstöður. Megin niðurstaða stjórnar var sú að rétt væri að ganga til viðræðna við Eyþing og AFE um kosti þess og galla að sameina landshlutasamtökin og atvinnuþróunarfélögin. Stjórn AÞ veitti formanni svo umboð til þátttöku í starfshópi formanna þessara þriggja eininga. Stefnt er að því að leggja fram hugmynd í haust um hvernig fyrirhuguð sameining yrði útfærð, og þá verði unnt að taka skýra afstöðu til þess.

Í lok máls síns nefndi hann að eðlilega hefðu menn misjafnar skoðanir á málinu, en gott væri að hlusta á öll sjónarmið til að ná sem bestri niðurstöðu í þetta mál fyrir starfssvæðið.

Að endingu þakkaði hann stjórn, framkvæmdastjóra og starfslíði AÞ fyrir samstarfið, þá sérstaklega þeim sem nú gengi úr stjórn, og bauð nýtt fólk velkomið að stjórnarborðinu.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir og gaf orðið laust. Nokkrir tóku til máls um sameiningarmál og afstöðu AÞ til þeirra. Endurspegluðu umræðurnar nokkuð þær misjöfnu skoðanir sem fólk hefur til þeirra og formaður vék að, en ekki var óskað eftir neinum bókunum þar að lútandi.

Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins á árinu má sjá í [Ársskýrslu 2018](#) sem aðgenileg er á vef AÞ.

2. Staðfesting ársreiknings fyrir árið 2018

Framkvæmdastjóri félagsins, Reinhard Reynisson kynnti ársreikning félagsins fyrir 2018 sem lá fyrir fundinum, staðfestur af stjórn og áritaður af endurskoðanda félagsins, PwC.

Vegna formbreytingar félagsins á sl. ári var nafni hlutafélagsins breytt í AÞ - atvinnuráðgjöf og þróun hf. og gert upp á þeirri kennitölu fyrir allt árið 2018.

Framkvæmdastjóri fór yfir reiknininn lið fyrir lið og gaf skýringar á einstökum atriðum eftir því sem tilefni var til, en helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur	63.049.796
Rekstrargjöld	(63.692.756)
Fjármagnsliðir	675.085
Hagnaður ársins	22.280
Fastafjármunir	3.359.197
Veltufjármunir	35.169.730
Eigið fé	8.363.458
Skuldir og skuldbindingar	30.165.469
Niðurstaða efnahagsreiknings	38.528.927

Fundarstjóri þakkaði fyrir yfirferðina og gaf orðið er laust en enginn tók til máls og var ársreikningur fyrir 2018 staðfestur með öllum 10 atkvæðum viðstaddra fulltrúa í fulltrúaráði.

3. Breytingar á stofnskrá (ef við á)

Fundarstjóri varpaði þeirri spurningu fyrir fundinn hvort einhverra breytinga væri þörf. Engar tillögur um breytingar á stofnskrá liggja fyrir og því er málið ekki á dagskrá, en tillögur um breytingar ber að senda út með fundarboði.

4. Kosningar

a. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gefur orðið laust og fulltrúar stofnaðila gerðu grein fyrir tilnefningum þeirra. Niðurstaðan var að stjórn yrði óbreytt að öðru leiti en því að Guðmundur Vilhjálmsson víki sem aðalmaður fyrir SANA en í stað hans taki Pétur Snæbjörnsson sæti í stjórn. Stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. verði því þannig skipuð:

Aðalmenn

Elías Pétursson
Aðalsteinn Árni Baldursson
Guðmundur H Halldórsson
Pétur Snæbjörnsson
Jóna Björg Hlöðversdóttir
Jóna Björg Arnarsdóttir

Varamenn

Mirjam Blekkenhorst
Sigríður Jóhannesdóttir
Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir
Margrét Hólm Valsdóttir
Helgi Héðinsson
Helena Eydís Ingólfssdóttir

Tillagan var samþykkt með öllum 10 atkvæðum viðstaddra fulltrúaráðsmanna.

b. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Fundarstjóri gefur framkvæmdastjóra orðið. Hann gerði grein fyrir því að PWC hefur verið endurskoðandi undanfarin ár. Gerð var verðkönnun fyrir nokkrum árum og var niðurstaða hennar sú að PWC sáu sér fært að endurskoða áfram á hagstæðari kjörum en aðrir.

Tillaga framkvæmdastjóra er því sú að PWC verði áfram endurskoðandi AP.

Engar athugasemdir voru gerðar við þetta og skoðast tillagan því samþykkt.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnar.

Framkvæmdastjóri bað um orðið, greindi frá því hvernig málum hefur verið háttað og sagði þóknunir til stjórnarmanna hafa verið mjög við nögl skornar. Búið er að taka samstarf á svæðinu svölítið í endurnýjun og þar á meðal þóknun fyrir nefndarstörf. Framkvæmdastjóri leggur eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

Stjórn AP verði greidd sama þóknun og greidd er fyrir nefndir innan Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt með öllum 10 atkvæðum viðstaddra fulltrúa.

6. Önnur mál

- Guðmundur Vilhjálmsson gerði grein fyrir breytingu á tilnefningu SANA í fulltrúaráð: Aðalmenn SANA í fulltrúaráði AP verði Guðni Már Kjartansson og Elísabet Gunnarsdóttir og til vara Guðmundur Vilhjálmsson og Heiðar Hrafn Halldórsson.

- Hlynur Snæbjörnsson gerir athugasemdir við samþykktir félagsins og vill að gerðar verði breytingar á tveimur atriðum í þeim. Annars vegar telur hann eðlilegra að stjórn AP væri skipuð 7 fulltrúum heldur en 6 eins og nú er. Hins vegar telur hann að í tilnefningum til stjórnar AP eigi að fylgja fast eftir reglum sem til eru um kynjahlutföll í stjórnnum og vill koma því til leiðar að fram komi lagabreytingartillaga á næsta ársfundi.

Um þetta urðu talsverðar umræður og tóku margir til máls, en eins og Hlynur nefndi hafði síðarnefnda atriðið mikið verið rætt þegar unnið var að samþykktum fyrir sjálfseignarstofnunina á síðasta ári. Meðal röksemda gegn breytingum var nefnt að reglurnar sem vísað er til gildi um opinbera stjórnsýslu en vegna aðkomu frjálsra félagasamtaka, stéttarfélaganna og SANA gildi þær reglur ekki um AP. Hlynur svaraði því til að félagið væri stofnað af sveitarfélögunum og því bæri að vera til fyrirmyndar á öllum sviðum.

Um fjölda stjórnarmanna bent á að almennt væri fjöldi stjórnarmanna oddatala og það væri góð regla. Fram komu mótrök um að horfa þyrfti til kostnaðar og jafnframt hefði þetta minni vægi þar sem æðsta vald félagsins væri í höndum fulltrúaráðs.

- Margrét Bjarnadóttir lét í ljós þá von sína að sameining AFE AP og Eyþings gengi eftir. Jafnframt lýsti hún vonbrigðum með mætingu fulltrúa frá Norðurþingi. Silja Jóhannesdóttir tók undir, sagði þetta ekki til fyrirmyndar og það yrði rætt hjá sveitarfélaginu.

Að umræðum loknum bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu Hlyns Snæbjörnssonar:

Fulltrúaráð feli stjórn að vinna að lagabreytingu fyrir næsta ársfund þess efnis að kynjahlutföll skuli ætíð vera eins jöfn og kostur er á í stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og að fjöldi stjórnarmanna í AP verði 7.

Tillagan var samþykkt með 9 atkvæðum viðstaddra fulltrúa en 1 sat hjá.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði fundarins til að ritaði kláraði fundargerð eftir fundinn, bæri hana undir fundarstjóra og framkvæmdastjóra og hún yrði síðar send í tölvupósti. Ekki voru athugasemdir við það. Að því búnu þakkaði fundarstjóri góðan fund, óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit svo fundi kl. 15:45.

Fundarstjóri

Magnús Matthíasson

Fundarritari

Ari Páll Pálsson